

## Hvernig undirbúa táknmálstúlkar sig fyrir túlkaverkefni?

Táknmálstúlkar starfa að mestu leyti í samtímistúlkun (e. *simultaneous interpreting*), sem þýðir að þeir hlusta eða horfa á það sem sagt er á einu máli, þýða það yfir á annað mál með því að tengja það við fyrri þekkingu sína og setja fram túlkun sína á því máli, allt á sama tíma. Hugrænt álag (e. *cognitive load*) er því mikið. Rannsóknir hafa sýnt hversu mikilvægt það er að túlkar nái að undirbúa sig fyrir verkefni sín. Það léttir á hugrænu álagi þeirra, sem leiðir bæði til betri líðanar túlkanna og betri túlkunar.<sup>1</sup> Meginmarkmið þessarar greinar er að skoða hvernig táknmálstúlkar undirbúa sig fyrir verkefni sín og hvað þeir telja sig þurfa að undirbúa öðru fremur. Fjallað er um hluta rannsóknar sem gerð var meðal íslenskra táknmálstúlka árin 2019–2021, en eitt af markmiðum hennar var að taka saman upplýsingar um þennan ákveðna hluta starfs táknmálstúlka. Til að ná því var sótt í reynslu starfandi táknmálstúlka og í gegnum viðtöl, þátttökuathuganir og spurningakönnun var tekið saman hvað það er sem þeir álíta öðru mikilvægara við þennan hluta starfsins. Fyrst er gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar, þátttökendum hennar og gagnaöflun. Í seinni hluta er birt samantekt á undir-

<sup>1</sup> Sjá til dæmis Stephanie Díaz-Galaz, Presentación Padilla og María Teresa Bajo, „The Role of Advance Preparation in Simultaneous Interpreting: A comparison of professional interpreters and interpreting students“, *Interpreting* 17/2015, bls. 1–25; Daniel Gile, „Testing the Effort Models' Tightrope Hypothesis in Simultaneous Interpreting - A Contribution“, *Hermes*, 23/2017 bls. 153–172; Heike Lamberger-Felber, „Text-oriented research into interpreting - Examples from a case-study“, *HERMES - Journal of Language and Communication in Business* 14/2017, bls. 39–64; og Hólmfríður Þóroddsdóttir, „Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð“: undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, [meistararitgerð], Háskóli Íslands, 2022, <http://hdl.handle.net/1946/42401>.



búningsvinnu táknmálstúlka, byggð á niðurstöðum rannsóknarinnar. Fjallað er um hvað þátttakendur vilja undirbúa og hvernig þeir sinna þessum hluta starfs síns.

### *Fræðilegur bakgrunnur*

Í rannsókninni voru dregnir fram þættir sem snúa að hugrænu álagi túlka í starfi þeirra og því verður í þessum kafla fjallað um kenningu John Sweller um hugrænt álag (e. *cognitive load theory*). Auk þess er túlkunarferlið og það hugræna álag sem því fylgir skilgreint, eins og það er sett upp í áreynslulíkani Daniel Gile. Þar sem lítið er sérstaklega til þess hvernig undirbúningur getur haft áhrif á gæði túlkunar, verður einnig fjallað stuttlega um rannsóknir sem því tengjast.

### **Hugrænt álag túlka**

Til að skilja það hugræna álag sem túlkar fást við í starfi sínu hafa rannsakendur innan túlkunarfræða nýtt kenningu John Sweller um hugrænt álag, en hún var sett fram innan sál- og kennslufræða á níunda áratug síðustu aldar.<sup>2</sup> Með kenningunni var reynt að útskýra hvernig álagið við að vinna úr upplýsingum í námi getur haft áhrif á getu nemenda til að öðlast þekkingu. Kenningin gengur út frá því að einstaklingar búi yfir tveimur mismunandi tegundum minnis, það er vinnsluminni og langtímaminni.<sup>3</sup>

*Vinnsluminnið* er sú heilastarfsemi sem gerir einstaklingum kleift að safna saman upplýsingum í gegnum mál, heyrn og sjón. Það er takmarkað að stærð og geta einstaklingar einungis haft um það bil sjö atriði í vinnsluminninu í hvert sinn. Þó má segja að atriðin sem þar geta verið á hverjum tímapunkti séu enn færri, þar sem hluti vinnsluminnisins fer alltaf í að vinna úr þeim upplýsingum sem þar eru, það er að skipuleggja og bera saman upplýsingar af einhverju tagi. Því er talið að hámark þeirra atriða sem einstaklingar geta haft í vinnsluminni sínu á hverju augnabliki sé nær því að vera tvö til þrjú atriði, nema að viðkomandi einstaklingar séu einungis að leggja tiltekin atriði á minnið. *Langtímaminnið* nota einstaklingar hins vegar til að geyma upplýsingar sem áður hafa farið í gegnum vinnsluminnið. Öfugt við vinnsluminnið er það talið vera ótakmarkað. Í langtímaminninu eru byggð upp skemu sem líkja má við skjalaskáp með mörgum skúffum, þar sem einstaklingar koma þekkingu sinni fyrir á skipulagðan hátt.

<sup>2</sup> John Sweller, Jeroen J. G. van Merriënboer og Fred Paas, „Cognitive Architecture and Instructional Design. 20 Years Later“, *Educational Psychology Review* 31/2019, bls. 261–292, hér bls. 261–262.

<sup>3</sup> John Sweller, Jeroen J. G. van Merriënboer og Fred Paas, „Cognitive Architecture and Instructional Design“, *Educational Psychology Review* 10/1998, bls. 251–296, hér bls. 251.

Skemun gera þeim kleift að rifja þá þekkingu upp á nýtt og auðvelda þeim því að skilja og skilgreina þá hluti og hugtök sem um er rætt hverju sinni.<sup>4</sup>

Þessi tvö mismunandi minni eru háð hvort öðru. Vinnsluminnið safnar upplýsingum og vinnur úr þeim, en þar sem það er takmarkað þá kemur það upplýsingunum fyrir í langtímaminninu til varðveislu. Þegar á þarf að halda leitar vinnsluminnið aftur í langtímaminnið til að ná í viðkomandi upplýsingar. Samkvæmt kenningunni um hugrænt álag ætti að leitast við að minnka álagið á vinnsluminnið eins og mögulegt er, þar sem það er takmarkað. Frekar ætti að nýta skemun í langtímaminninu sem mest og auðvelda vinnsluminninu aðgengi að þeim.<sup>5</sup> Þá þekkingu sem mikið er notuð eða hefur nýlega verið notuð, er að öllu jöfnu auðveldara að rifja upp og virkja heldur en þá þekkingu sem sjaldan er notuð.<sup>6</sup>

### Túlkunarferlið

Túlkun er yfirleitt skilgreind sem munnleg þýðing á því sem sagt er á einu tungumáli yfir á annað tungumál, fyrir þann eða þá einstaklinga sem skilja lítið eða ekkert í frummálinu. Talað er um að túlka af *frummáli* yfir á *markmál*: það sem einhver segir á frummálinu setur túlkurinn fram á markmálinu. Ekki er um að ræða túlkun á orðum eða setningum, heldur er merking þess sem sagt er túlkuð milli málanna.<sup>7</sup> Innan túlkunarfræða er túlkun aðallega skipt í tvo flokka: *lotutúlkun* og *samtímistúlkun* (e. *consecutive interpreting*, *simultaneous interpreting*). Í hefðbundinni lotutúlkun hlustar túlkurinn á það sem sagt er á frummálinu og túlkar svo yfir á markmálið á meðan sá sem talar gerir hlé á máli sínu. Samtímistúlkun gerist hins vegar á þann hátt, að túlkurinn túlkar yfir á markmálið um leið og hann hlustar á það sem sagt er á frummálinu. Sá sem talar gerir því ekki hlé á máli sínu.<sup>8</sup> Að öllu jöfnu vinna táknmálstúlkur mest í samtímistúlkun, mun meira en aðrir túlkar. Ástæðan er einfaldlega sú að vegna ólíks miðlunarháttar radd- og tákn mála trufla þau ekki hvort annað þó þau séu notuð á sama tíma. Þegar tvö

<sup>4</sup> Sama rit bls. 252–255.

<sup>5</sup> Sama rit bls. 251 og 259.

<sup>6</sup> Daniel Gile, *Basic concepts and models for interpreter and translator training*, Amsterdam: John Benjamins, 2009, bls. 229–230.

<sup>7</sup> John Laver og Ian Mason, *A Dictionary of Translation and Interpreting*, 2018, bls. 68 og 81, má nálgast hér: <http://fit-europe-rc.org/wp-content/uploads/2019/05/Dictionary-of-translation-and-interpreting-Mason-Laver.pdf>.

<sup>8</sup> Franz Pöchhacker, *Introducing Interpreting Studies*, Abingdon, Oxon: Routledge, 2004, bls. 18; og Steinunn Haraldsdóttir, *Túlkun á Íslandi. Helstu þættir túlkafræði og ágríp af sögu túlkunar á Íslandi*, [meistararitgerð], Háskóli Íslands, 2012, bls. 8–9, <http://hdl.handle.net/1946/10436>.

raddmál eru töluð í einu getur verið erfitt að heyra það sem sagt er. Hins vegar þegar annað málið er talað með rödd og hitt í þögn með höndum og líkama, eins og raunin er í táknmálstúlkun, trufla málin ekki hvort annað.<sup>9</sup>

Byggt á fyrrnefndri kenningu Sweller um hugrænt álag setti franskur túlkurinn Daniel Gile fram það sem hann nefnir áreynslulíkan samtímistúlkunar (e. *effort model for simultaneous interpreting*).<sup>10</sup> Markmiðið með líkaninu er að draga fram mynd af því hugræna álagi sem túlkar þurfa að takast á við í starfi. Gile álitur að þrálát mistök í túlkun séu tilkomin vegna mettnar á úrvinnslugetu túlka, þar sem það mikla hugræna álag sem þeir vinna undir gerir það að verkum að þeir vinna oft á ystu nöf hugrænnar getu sinnar.<sup>11</sup> Áreynslulíkanið setur hann upp til að sýna hvar hugræna álagið í túlkunarferlinu liggur og hvernig mögulega megi draga úr því til að efla gæði túlkunar. Gile greinir túlkunarferlið niður í fjóra áreynsluþætti.<sup>12</sup>

Fyrsti þáttur áreynslulíkansins er *hlustun og greining*. Hugrænt álag þessa þáttar felst í því að hlusta á frummálið, greina í undirmeðvitundinni þá þætti sem byggja það upp og draga viðeigandi merkingu fram úr þeim. Hjá táknmálstúlkum er ekki eingöngu um að ræða hlustun og greiningu heldur *hlustun/áhorf og greiningu*, þar sem táknmál eru sjónræn mál.

Annar þáttur áreynslulíkansins felst í *framsetningu*, þar sem túlkar setja túlkun sína fram á markmálinu. Hugræna álagið í þessum áreynsluþætti felst í að byggja upp og setja fram setningar á markmálinu, setningar sem hafa sömu merkingu og það sem sagt var á frummálinu.

Þriðji áreynsluþátturinn er *minnið*, þegar túlkarnir rifja upp og virkja þá þekkingu sem þeir búa yfir nú þegar um það sem verið er að segja. Hugræna álagið í þessum áreynsluþætti felst í því að ná í fyrri þekkingu úr langtímaminninu. Sú þekking nýtist við báða fyrrnefnda þætti áreynslulíkansins, þar sem túlkarnir vega og meta það sem sagt var á frummálinu saman við fyrri þekkingu sína til

<sup>9</sup> Franz Pöchhacker, *Introducing Interpreting Studies*, bls. 19; Elísa Guðrún Brynjólfssdóttir, Jóhannes Gíslí Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Málfræði íslenska táknmálsins“, *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 34/2012, bls. 9–52, hér bls. 12; og Len Roberson, „Interpreting: An Overview“, *Signed Language Interpreting in the 21st Century. An Overview of the Profession*, ritstjórar Len Roberson og Sherry Shaw, Washington: Gallaudet University Press, 2018, bls. 1–22, hér bls. 11.

<sup>10</sup> Daniel Gile, *Basic concepts and models for interpreter and translator training*, bls. 160–169.

<sup>11</sup> Sama rit, meðal annars bls. 42, 159 og 235; Daniel Gile, „Conference and Simultaneous Interpreting“, *Routledge Encyclopedia of Translation Studies*, ritstjóri M. Baker, London: Routledge, 1998, bls. 40–45; og Daniel Gile, „Testing the Effort Models’ Tightrope Hypothesis in Simultaneous Interpreting. A Contribution“, bls. 160.

<sup>12</sup> Daniel Gile, *Basic concepts and models for interpreter and translator training*, bls. 160–169.

að skilja það sem sagt var og velja það sem við á til að byggja upp setningar með sömu merkingu á markmálinu.

Fjórði áreynsluþátturinn snýr að *samhæfingu*. Í samtímistúlkun eru gjarnan allir þættir áreynslulíkansins í gangi í einu, þeir fléttast saman og geta krafist mismikillar orku á hverjum tímapunkti fyrir sig. Stundum getur túlkurinn til dæmis átt erfitt með að heyra/sjá eða skilja það sem sagt er, eða átt erfitt með að rifja upp fyrri þekkingu sína. Við þær aðstæður krefst viðkomandi áreynsluþáttur meiri orku en annars væri. Hugræna álagið í samhæfingarþættinum felst í því að virkja og nýta alla þætti túlkunarferlisins eftir því sem á við á hverri stundu.

Allir þessir fjórir áreynsluþættir túlkunarferlisins fara fram í vinnsluminninu. Hver og einn þeirra krefst ákveðinnar hugrænnar áreynslu, en heildar hugrænt álag túlkanna er samsett úr álaginu af þeim öllum.<sup>13</sup> Ef einhver af þáttunum notar stóran hluta vinnsluminnisins, þá þýðir það að minni orka er í boði fyrir hina þættina, þar sem vinnsluminnið er takmarkað. Hins vegar ef hægt er að minnka álagið á einhverjum áreynsluþáttum geta túlkarnir nýtt stærri hluta vinnsluminnisins í aðra áreynsluþætti. Ljóst er að sú tímapressa sem túlkar vinna undir í samtímistúlkun eykur álagið enn frekar. Ef þeir dragast aftur úr með túlkun sína þurfa þeir að halda áfram að hlusta eða horfa á það sem sagt er, um leið og þeir reyna að halda í við þann sem talar í túlkun sinni. Þannig bætast stöðugt fleiri upplýsingar í vinnsluminnið.<sup>14</sup> Álagið eykst enn frekar þegar tekið er til greina að í vinnsluminni túlkanna mætast upplýsingar á tveimur málum: það sem sagt var á frummálinu og túlkun þeirra sjálfra á markmálinu, auk upplýsinga á báðum málum úr langtímaminni þeirra. Hugrænt álag í samtímistúlkun getur því verið gífurlegt og þegar túlkarnir eru komnir á ystu mörk hugrænnar getu sinnar eru þeir líklegri en annars til að skila af sér rangri eða takmarkaðri túlkun.<sup>15</sup>

### Áhrif undirbúnings á túlkun

Gile leggur áherslu á að góður undirbúningur sé eitt af því sem getur minnkað hugrænt álag túlka og leitt til betri túlkunar.<sup>16</sup> Ýmsar rannsóknir styðja þetta. Má þar á meðal nefna rannsókn þar sem reyndir túlkar túlkuðu þrjár ræður úr ensku yfir á móðurmál sitt, þýsku. Niðurstöður úr þessari rannsókn sýndu að 9 af 11 túlkum (82%) skiluðu af sér betri túlkun ef undirbúningur hafði farið

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 169–170.

<sup>14</sup> Sama rit, bls. 206.

<sup>15</sup> Sama rit, bls. 206–207; og Jemima Napier, „Interpreting omissions. A new perspective“, *Interpreting* 6/2004, bls. 117–142, hér bls. 124.

<sup>16</sup> Daniel Gile, *Basic concepts and models for interpreter and translator training*, bls. 175, 180, 229–230, 247.

fram. Skoðað var meðal annars sérstaklega túlkun á nöfnum og tölum. Í ljós kom að í þeim ræðum þar sem túlkarnir höfðu fengið handritin til undirbúnings voru þau nöfn og tölur sem nefnd voru túlkuð rétt í 97,6% tilfella, en í þeim ræðum sem ekki höfðu verið undirbúnar voru nöfn og tölur einungis túlkuð rétt í 85,7% tilfella.<sup>17</sup>

Einnig má nefna rannsókn þar sem niðurstöður túlkunarprófs sýndu að í óundirbúnum túlkunum töpuðust tæplega 20% aðalatriða þess sem túlkað var, en einungis tæplega 10% í undirbúnum túlkunum. Rannsóknin sýndi meðal annars að með undirbúningi heyra túlkar og sjá betur það sem sagt er á frum-málinu og að undirbúningur léttir á hugrænu álagi á framsetningu túlkunarinnar. Einnig kom fram að allir túlkarnir voru sammála um að undirbúningur veitti þeim betri tilfinningalega líðan, sem gerir þeim kleift að skila af sér betri túlkun.<sup>18</sup>

### *Þátttakendur rannsóknarinnar og gagnaiöflun*

Sú samantekt um undirbúningsvinnu táknmálstúlka sem hér verður birt er byggð á gögnum sem fengust með eiginlegum rannsóknaraðferðum, í gegnum hálfopin viðtöl, þátttökuathuganir og spurningakönnun. Þegar rannsóknin var gerð voru tæplega 30 táknmálstúlkar starfandi á Íslandi. Tæplega helmingur þeirra, alls 14 túlkar, komu að rannsókninni á einn eða annan hátt.

Fyrstu gögnin fengust með því að tekin voru hálfopin viðtöl<sup>19</sup> við þrjá táknmálstúlka, sem allir störfuðu á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-skertra (SHH). Starf þeirra felst í að túlka milli íslensks táknmáls (ÍTM) og raddmála, en í langflestum tilfellum er þar um að ræða íslensku. Í gegnum þessi viðtöl var reynt að fá innsýn í upplifun táknmálstúlka á áhrifum undirbúnings á starfið og hvernig þeir álitu best að haga þeim hluta starfs síns. Til að reyna að öðlast sem fjölbreyttasta sýn á viðfangsefnið voru viðmælendur valdir með tilliti til starfsreynslu: einn var með minna en 10 ára starfsreynslu, einn með 10–20 ára og einn með meira en 20 ára starfsreynslu. Strax eftir að viðtölunum lauk fóru fram þátttökuathuganir<sup>20</sup> á SHH. Fylgst var með nokkrum táknmálstúlkum undirbúa sig og punktað niður hvernig þeir sinntu þessum hluta starfs síns.

<sup>17</sup> Heike Lamberger-Felber, „Text-oriented research into interpreting – Examples from a case-study“, hér bls. 45–52.

<sup>18</sup> Hólmfríður Þóroddsdóttir, „Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð“: undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, bls 55–58.

<sup>19</sup> Virginia Braun og Victoria Clarke, *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*, SAGE, 2013, bls. 78.

<sup>20</sup> Alan Bryman, *Social research methods*, London: Oxford University Press, 2012.

Nokkrum mánuðum síðar var spurningakönnun<sup>21</sup> send til þeirra túlka sem tóku þátt í sérstökum verkefnum fyrir hönd SHH. Þau tengdust þeim sérstöku aðstæðum sem sköpuðust vegna Covid-19 heimsfaraldursins árið 2020 og fólust í túlkun annars vegar á upplýsinga- og blaðamannafundum Almanna- og/eða ríkisstjórnarinnar og hins vegar túlkun á kvöldfréttum RÚV. Reynt var að kanna sérstaklega upplifun túlkanna af þessum verkefnum og hvernig þeir höguðu undirbúningi sínum fyrir þau. Síðasti hluti rannsóknarinnar var í formi túlkunarprófs. Alls tóku 11 túlkar þátt í prófinu, bæði starfsmenn SHH og túlkar sem starfa utan þeirrar stofnunar. Undirbúnar og óundirbúnar túlkanir þátttakenda voru teknar upp og eftir hverja upptöku horfðu rannsakandinn og viðkomandi túlkur saman á upptökuna og ræddu hana. Í þeim hálfopnu viðtölum sem þá fóru fram reyndi rannsakandinn að hvetja túlkana til að segja frá hvað þeir höfðu gert til undirbúnings og hvernig það hefði nýst þeim.

### Undirbúningur táknmálstúlka

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að taka saman upplýsingar um undirbúningsvinnu táknmálstúlka. Gögnin voru nýtt til að greina hvað það er sem táknmálstúlkar álíta mikilvægast að geta undirbúið fyrir túlkun sína og hvernig þeir sinna þessum hluta starfs síns. Meginatriði þess sem þá kom fram má sjá hér á eftir. Fyrst er fjallað almennt um undirbúning túlkanna, en eftir það er farið í gegnum nokkur atriði sem þátttakendur segja að þurfi að hafa í huga við undirbúninginn, það er málfræðileg atriði, umræðuefni, sérstök málsnið, raddtúlkun og aðstæður. Að langmestu leyti er fjallað um túlkun af íslensku yfir á ÍTM og eingöngu fjallað um reynslu táknmálstúlka, en þó ætti þessi samantekt að geta nýst við undirbúning allrar túlkunar.

### Almennt um undirbúning

Það sem þátttakendur rannsóknarinnar leitast við að gera með undirbúningi sínum er einkum tvennt. Í fyrsta lagi eru þeir að reyna að koma í veg fyrir að eitthvað komi þeim á óvart í túlkunaraðastæðunum, allt frá orðræðu til aðstæðna. Með undirbúningi geta þeir áttað sig á hvað muni gerast og til hvers er ætlast af þeim og gefur það þeim ákveðið forskot og betri stjórn á aðstæðum. Þetta segja túlkarnir að hafi jákvæð áhrif á frammistöðu þeirra. Í öðru lagi eru þeir að reyna að varna því að þeir dragist aftur úr í túlkun sinni. Það er ýmislegt sem getur orsakað það að táknmálstúlkar dragist aftur úr, eins og til dæmis ef hratt er talað

<sup>21</sup> Þorlákur Karlsson, „Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur“, *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, ritstjórar Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, Háskólinn á Akureyri, 2003, bls. 331–335, hér bls. 331.

á frummálinu, ef þeir eiga erfitt með að skilja það sem þeir heyra eða sjá, eða ef þeir eiga erfitt með að byggja upp viðeigandi setningar á markmálinu. Eðli samtúmistúlkunar er þannig að ef túlkarnir dragast aftur úr í framsetningu sinni þurfa þeir að halda áfram að hlusta eða horfa á það sem sagt er, um leið og þeir halda áfram að túlka. Það bætast því stöðugt fleiri og fleiri upplýsingar í vinnsluminnið, sem er nú þegar þanið til hins ýtrasta. Þetta getur valdið því að „heilinn fer að sjóða aðeins yfir“, eins og einn þátttakandi orðaði það.

Það er almennt álit túlkanna sem þátt tóku í rannsókninni að gott sé að hefja undirbúning snemma. Þá geta þeir áttað sig á efni og umfangi túlkunarinnar, gert sér grein fyrir hvað þeir þurfa að skoða öðru fremur og hversu miklum tíma þeir gætu mögulega þurft að eyða í heildarundirbúninginn. Í langflestum tilfellum er fyrsta skrefið að lesa það efni sem kemur frá túlkanotendum. Stundum er um að ræða heilsteypa texta, en stundum kannski eingöngu glærur eða fundardagskrá. Þá þurfa túlkarnir mögulega að leita sjálfir að ítarefni, sem getur kallað á meiri undirbúningstíma en annars væri. Það er einstaklingsbundið hvernig túlkarnir haga þessum fyrsta lestri sínum. Sumir lesa með mikilli athygli, til að ná öllu inntakinu og átta sig á hversu vel þeir standa að vígi í viðkomandi efni. Aðrir renna hratt yfir efnið í fyrstu umferð, láta sér nægja að ná samhenginu og átta sig á heildarmyndinni, en fara nákvæmar yfir efnið seinna eftir þörfum. Flestir þátttakenda voru þó sammála um að best væri að lesa það efni sem í boði er með góðum fyrirvara, ef mögulegt er. Eftir að undirbúningur hefst og fram að verkefninu sjálfu segja þeir að heilmikil vinna fari fram, bæði meðvitað og ómeðvitað, þegar þeir leyfa efninu að malla í huga sér. Þeir sjá fyrir sér vandamál sem upp geta komið, tákni, setningar og uppbyggingu tákna málsins og jafnvel æfa sig út í loftið.

Framhald undirbúningsins fer bæði eftir því hversu vel túlkarnir þekkja nú þegar til efnisins og hversu mikið og nákvæmt efni þeir fá í hendurnar. Ef nýtt umræðuefni eða nýja orðræðu er að ræða krefst undirbúningurinn meiri tíma og athygli en annars væri, hvort sem um er að ræða í fyrstu eða seinni yfirferðum. Þá er lesið af meiri nákvæmni og gjarnan merkt við þau orð sem túlkana vantar tákni yfir og þýðing jafnvel glósuð með. Ef túlkarnir álíta að það efni sem þeir fá til undirbúnings sé ekki nægilega upplýsandi reyna þeir að viðá að sér meira efni og skoða umræðuefnið í víðara samhengi. Þá leita þeir til dæmis að efni og upplýsingum á netinu eða spjalla við aðra túlka sem mögulega hafa reynslu sem tengist komandi túlkaverkefni. Það er persónubundið, en fer einnig eftir verkefnum, hvort túlkarnir prenta út undirbúningsefni eða láta sér duga tölvu- eða símaskjá. Flestir þátttakenda prenta út texta ljóða eða sönglaga sem þeir eiga að túlka, en sumir prenta einnig út almenna texta eða glærur til að auð-



velda sér lesturinn, sérstaklega ef um flókið efni eða nýja orðræðu er að ræða. Blöðin eru þá gjarnan nýtt til að glósa á eftir þörfum.

Þátttakendur nefndu einnig að hægt væri að taka upp eigin upplestur á efninu. Þá er mögulegt að hlusta á upptökuna nokkrum sinnum, leyfa upplýsingunum að síast inn og jafnvel æfa sig að túlka út í loftið um leið. Þessi leið er frekar nýtt ef um erfiða texta er að ræða. Túlkarirnir benda þó á að það geti verið misvísandi að hlusta á eigin upplestur á ákveðnum textum, því ekki er víst að upplesturinn sé á sama hraða og lesið eða talað er á í túlkunaraðstæðunum sjálfum, sem getur verið ruglandi. Hins vegar geta upptökur sem þessar aukið skilning á efninu og hjálpað túlkunum að átta sig á erfiðleikum sem upp geta komið þegar hlustað er á texta/tal, erfiðleika sem ekki eru jafn skýrir þegar verið er að lesa texta í hljóði. Má þar meðal annars nefna lík mannanöfn og langar upptalningar. Þegar túlkun á tónlist/söng er undirbúin segja þátttakendur hins vegar að mikilvægt sé að hlusta á upptökur til að reyna að ná réttu flæði í túlkunina, eins og rætt verður frekar síðar.

### **Hvað þarf að undirbúa**

Sem fyrr segir er það aðallega tvennt sem táknmálstúlkar sækjast eftir með undirbúningi sínum. Þeir reyna annars vegar að koma í veg fyrir að eitthvað komi þeim á óvart í túlkunaraðstæðunum og hins vegar að þeir dragist aftur úr í túlkuninni. Til þess að reyna að ná þessum markmiðum er ýmislegt sem þarf að hafa í huga á meðan á undirbúningsferlinu stendur, þar á meðal þau atriði sem hér verða skoðuð hvert fyrir sig, það er málfræðileg atriði, umræðuefni, sérstök málsnið, raddtúlkun og aðstæður. Eingöngu er fjallað um atriði sem upp komu í rannsókninni og hvernig þátttakendur hennar segjast undirbúa sig, en vert er að hafa í huga að þessi listi er á engan hátt tæmandi.

#### *1. Málfræðileg atriði<sup>22</sup>*

Táknmál hafa málfræðilega formgerð sem er í grundvallaratriðum eins og í raddmálum, en þó er ýmislegt sem er ólíkt sökum þess að miðlunarhátturinn er annar.<sup>23</sup> Þetta getur sett auknar kröfur á táknmálstúlka, þar sem uppbygg-

<sup>22</sup> Þessi grein er að mestu ætluð táknmálstúlkum, sem þekkja vel til málfræði táknmála. Fyrir þá sem ekki gera það er örstutt útskýring á hverju atriði sett með neðanmáls, en mun ýtarlegri umfjöllun um málfræði íslenska táknmálsins og táknmála almennt má finna í Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Málfræði íslenska táknmálsins“, bls. 9–52; og Jóhannes Gísli Jónsson, „Táknmál og raddmál“, *Ritið* 3/2022, bls. 47–75.

<sup>23</sup> Jóhannes Gísli Jónsson, „Táknmál og raddmál“, *Ritið* 3/2022, bls. 47–75.

ing markmálsins þarf oft á tíðum að vera ólík uppbyggingu frummálsins. Með undirbúningi geta túlkar fyrir fram verið búnir að sjá fyrir sér vandamál sem upp geta komið hvað þetta varðar og jafnvel verið búnir að finna lausnir á þeim. Þegar í túlkunaraðstæðurnar er komið minnkar þessi undirbúningur því álagið á öðrum þætti áreynslulíkansins, framsetningu, til muna. Hér er farið yfir nokkur atriði sem þátttakendur rannsóknarinnar leggja áherslu á að geta undirbúið í sambandi við málfræði ÍTM, það er próform, táknrymi og umorðun.

### 1.a. *Próform*<sup>24</sup>

Þar sem próformanotkun er eðlilegur hluti af því að kunna táknmál þurfa táknmálstúlkar alla jafna ekki að velta próformum sérstaklega fyrir sér. Hins vegar, ef túlka þarf umræður um óvenjuleg fyrirbæri segja þátttakendur að gott sé að vera búinn að ákveða fyrir fram hvernig próform henta best fyrir þau fyrirbæri í túlkuninni. Það getur auðveldað framsetningu túlkunarinnar og sparað tíma í túlkuninni og þar með létt á hugarænu álagi í túlkunaraðstæðunum.

Þar sem próform eru valin eftir útliti þess sem þau standa fyrir segja þátttakendur að gott sé að skoða myndir af viðkomandi fyrirbærum og er internetið gjarnan nýtt til að finna viðeigandi myndir. Einnig þarf að hafa í huga hvernig fjallað er um fyrirbærin og hvað það er sem þau framkvæma í frásögninni, þar sem það getur haft áhrif á notkun próformsins og þar með val á því. Túlkarirnir taka fram að í undirbúningsferlinu sé gott að prófa nokkur próform og æfa notkun þeirra, þannig að þeim reynist eðlilegt að grípa strax í það próform sem auðveldast og/eða best sé að nota, þegar á hólminn er komið. Margir nýta sér að ræða við döff<sup>25</sup> og aðra túlka um hvaða próform henta best fyrir viðkomandi fyrirbæri.

Þátttakendur taka einnig fram að í undirbúningsferlinu sé mikilvægt að vera vakandi fyrir því hvenær mögulega sé hægt að nýta próform almennt í túlkuninni og æfa notkun þeirra. Próformasagnir geta til dæmis oft komið í stað langra

<sup>24</sup> *Próform* og *próformasagnir* eru mikilvægur hluti af frjóa (e. *productive*) orðasafni táknmála. Próform, stundum nefnd flokkarar (e. *classifiers*), eru handform próformasagna og fela í sér tilvísun í nafnorð sem fer á undan, frumlag og/eða andlag. Má bera þetta saman við þegar talað er um mann á íslensku og síðar vísað í hann með fornöfnum (til dæmis hann eða sá). Kristín Lena Þorvaldsdóttir, *Sagnir í íslenska táknmálinu. Formleg einkenni og málfræðilegar formdeildir*, [meistararitgerð], Háskóli Íslands, 2011, hér bls. 11–12, <http://hdl.handle.net/1946/9997>.

<sup>25</sup> Döff er hugtak sem er notað um heyrnarlaust eða heyrnarskert fólk sem lítur á táknmál sem sitt fyrsta mál og tilheyrir samfélagi heyrnarlausra. Kristinn Arnar Diego, *Hafa félagsleg samskipti áhrif á sjálfsmynd döff fólks í fámennu samfélagi heyrnarlausra á Íslandi?* [meistararitgerð], Háskóli Íslands, 2020, bls 11, <http://hdl.handle.net/1946/35203>.

og/eða flókinna frásagna á raddmáli. Með próformum og próformasögnum er einnig hægt að segja frá fleiru en einu atriði í einu, með því að nota tvö próform á sama tíma.<sup>26</sup> Dæmi um þess háttar próformanotkun er til dæmis þegar talað er um að maður hlaupi við hliðina á hundasleða, þegar maðurinn og sleðinn eru sýndir samtímis með sitt hvoru próforminu á sinni hvorri hendinni. Þessi frásagnarmáti getur sparað tíma í túlkuninni, sérstaklega ef viðkomandi próformanotkun hefur verið æfð fyrirfram.<sup>27</sup>

### 1.b. Táknrými<sup>28</sup>

Táknrými (e. *signing space*) gegnir mikilvægu hlutverki í táknmálum. Ef vel tekst til við að byggja upp sviðið innan táknrýmisins frá upphafi gerir það túlkunina skýrari og getur auk þess sparað mikinn tíma í framsetningu túlkunarinnar. Til að ná því þurfa túlkarnir að hafa ákveðna þekkingu á því sem verið er að tala um. Við undirbúning þarf að hafa í huga notkun á bæði málfræðilegu og raunverulegu táknrými (e. *syntactic* og *topographic space*).

**Málfræðilegt táknrými:** Í undirbúningsferlinu segja þátttakendur að gott sé að ákveða úthlutun, staðsetningar og notkun hólfa<sup>29</sup> í táknrýminu. Til mikils er að vinna, því ef sviðið/hólfín eru skýr má nýta þau á ýmsan hátt allt frá upphafi túlkunarinnar, til dæmis með því að nota þau sem vísimið, í áttbeygingum<sup>30</sup> og

<sup>26</sup> Um er að ræða svokallaða *sammyndun*, sem er möguleg þar sem talfærni eru fleiri en eitt, það er tvær hendur auk látbrigða, og má því til dæmis nota sitt hvort próformið á sinni hvorri hendi á sama tíma. Raddmál einkennast hins vegar af *raðmyndun* og eru sett fram í línulegri frásögn. Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Málfræði íslenska táknmálsins“, bls. 13.

<sup>27</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í Hólmsfríður Þóroddsdóttir, „Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð“: undirbúningur táknmálsstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, bls.67–70.

<sup>28</sup> *Táknrými* vísar til svæðisins fyrir framan tákna þar sem hann myndar táknið. Það er mikilvægt í táknmálum, en fyrirfinnst ekki í raddmálum. Notkun rýmisins er skipt í annars vegar *raunverulegt* rými, þegar tákn og bendingar eru staðsett í táknrýminu miðað við raunverulegar aðstæður, út frá sjónarhorni þess sem talar, og hins vegar *málfræðilegt* rými. Þá eru sett upp í táknrýminu það sem kallað er hólf (e. *locus*) og eru þau eftir það notuð sem vísimið. Kristín Lena Þorvaldsdóttir, *Sagnir í íslenska táknmálinu*, bls. 11–12; og Rachel Sutton-Spence og Bencie Woll, *The Linguistics of British Sign Language. An Introduction*, Cambridge: Cambridge University Press, 1999, bls. 129.

<sup>29</sup> Hólfín eru nýtt sem vísimið, en vísanir í hólfín koma í veg fyrir að endurtaka þurfi heila nafnliði aftur og aftur og gegna því svipuðu hlutverki og fornöfn í raddmálum. Kristín Lena Þorvaldsdóttir, *Sagnir í íslenska táknmálinu*, bls. 12.

<sup>30</sup> Áttbeygðar sagnir (e. *agreement verbs*) er ákveðinn flokkur sagna, þar sem táknið hreyfast í táknrýminu eftir því hvar í táknrýminu frumlag og/eða andlag sagnarinnar er staðsett. Kristín Lena Þorvaldsdóttir, *Sagnir í íslenska táknmálinu*, bls. 34–35.

hlutverkaskiptum. Því er gott að prófa sig áfram með og æfa staðsetningar hólfanna og notkun þeirra og auka þannig öryggi sitt. Það sparar tíma og minnkar hugrænt álag þegar í túlkunaraðstæðurnar er komið. Túlkarnir taka fram að það sé ýmislegt sem getur haft áhrif á uppsetningu hólfanna og þarf að hafa í huga í undirbúningnum. Sem dæmi nefna þeir að aðalatriði frásagnar og það sem þeim tengist fái gjarnan hólf fyrir miðju táknrýmisins. Einnig að það sem nefnt sé oft fái gjarnan hólf á þægilegum stað og að ef verið er að tala um tvo einstaklinga/hugtök/sjónarmið sé þægilegt að þeim sé úthlutað hólfum sitt hvoru megin í táknrýminu.<sup>31</sup>

**Raunverulegt táknrými:** Ef fjallað er um raunverulega staði og/eða landakort þarf að setja frásögnina upp í táknrýminu eins og það raunverulega er, út frá sjónarhorni tákna. Á það við hvort sem um er að ræða staðsetningar landa á heimskorti, gatnakerfi í bæ eða afstöðuna milli Gullfoss og Geysis, svo dæmi séu nefnd. Þátttakendur segja því mikilvægt að vita fyrir fram hvaða staði muni verða rætt um. Í undirbúningsferlinu skoða þeir landakort og myndir af því sem upp gæti komið í túlkuninni og átta sig á afstöðunni milli þeirra staða/gatna sem skipta máli. Um leið þarf að gæta þess að táknrýmið bjóði upp á nægilegt pláss fyrir allt sem þarf að komast þar fyrir. Í því samhengi segja túlkarnir mikilvægt að átta sig á hvaða staðir sem um verður rætt séu öðrum mikilvægari, þar sem þeir þurfa að fá viðeigandi stað í táknrýminu, jafnvel á kostnað annarra staða sem nefndir eru en skipta minna máli. Til að frásögnin verði sem skýrust segja túlkarnir að í undirbúningsferlinu sé mikilvægt að æfa sig í að setja upp viðkomandi landa/götukort í táknrýminu og einnig ferðalög innan þess.<sup>32</sup>

### 1.3. Umorðun

Orðaröð á íslensku og táknaorð í íslensku táknmáli er ekki alltaf sú sama og fyrir þessum mun þurfa túlkarnir að vera vakandi.<sup>33</sup> Á þetta meðal annars við í sam-

<sup>31</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í Hólmfríður Þóroddsdóttir, „*Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð*“: *undirbúningur táknmálsálka og áhrif hans á gæði túlkunar*, bls. 70–73.

<sup>32</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í sama rit, bls. 73–76.

<sup>33</sup> Almenn er álitid að táknaorð í táknmálum sé frjálstari en orðaröð í raddmálum, en frumlag kemur þó yfirleitt fremst í setningu. Uppbygging radd- og táknmála er einnig ólík hvað varðar orð- og táknaflökka. Má til dæmis nefna að forsetningar og samtengingar eru yfirleitt ekki notaðar í ÍTM, en í staðinn eru aðrar leiðir notaðar til að tengja tákna og setningahluta saman. Það er meðal annars gert með notkun á táknrýminu og hreyfingu líkama. Elísa Guðrún Brynjólfssdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Málfræði íslenska táknmálsins“, bls. 32; Elísa Guðrún Brynjólfssdóttir, *Hvað gerðir þú við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Myndun hv-spurninga*

bandi við tákn sem þurfa að koma fyrir í setningum á ÍTM heldur en viðkomandi orð í íslenskum setningum. Auk þess geta próformasagnir stundum komið í stað margra orða, eins og áður hefur verið nefnt.

Í undirbúningsferlinu segjast túlkarnir þurfa að vera vakandi fyrir þeim setningum sem kalla á umorðun. Má sem dæmi nefna setningar þar sem frumlagið kemur seint í íslensku setningunni, eða ef staðsetning, til dæmis nafn á landi eða stað, kemur aftarlega. Yfirleitt fer betur á því að þessi atriði komi sem fyrst fram í setningum á ÍTM. Því segja þátttakendur að gott sé að undirbúa sig með því að sjá fyrir sér setningar á ÍTM og jafnvel æfa sig í að segja ákveðnar setningar. Þá geta komið upp ýmis vandamál í uppbyggingu þeirra, vandamál sem leysa má með umorðun. Notkun á próformi eða próformum geta einnig komið í stað langra og flókinnna setninga á íslensku, eins og rætt var hér fyrir ofan. Þátttakendur segja þess vegna að gott sé að vera búinn að ákveða hvenær komi sér vel að nota próform, jafnvel tvö próform í einu, eða halda ákveðnu próformi með annarri hendinni á meðan aukasetningu/upplýsingum er bætt við með hinnari hendinni, áður en haldið er áfram að nýta próformið í frásögninni á ný. Í undirbúningsferlinu ættu túlkar því að reyna að átta sig á hvort próformanotkun geti nýst á ákveðnum stöðum til að setja fram skýra túlkun og jafnvel æfa notkun próformanna þar sem við á.

Túlkarnir segja að með undirbúningi geti þeir verið meðvitaðir um hvernig best sé að byggja upp setningarnar á markmálinu allt frá upphafi þeirra, án þess að þurfa að heyra alla setninguna. Þannig verður framsetningin skýrari og auðveldari, auk þess sem þeir geta sparad sér tíma í túlkuninni, þar sem það tekur bæði tíma og orku að þurfa að laga illa uppbyggðar setningar.<sup>34</sup>

## 2. Umræðuefni

Þátttakendur segja mikilvægt að vita hvert umræðuefnið mun verða og öðlast grunnskilning á því. Þess vegna þarf að lesa það efni sem berst, en einnig getur þurft að skoða efnið í víðara samhengi, til að öðlast betri skilning á því.

Á internetinu er að öllu jöfnu hægt að kynna sér frekar flest umræðuefni á fjölbreyttan hátt, en gæta þarf þess að um áreiðanlegar upplýsingar sé að ræða. Túlkarnir segjast leita að meiri texta til að lesa, kynna sér til dæmis ESB frekar

---

*í íslenska táknmálinu*, [meistararitgerð], Háskóli Íslands, 2012, bls. 6 og 11, <http://hdl.handle.net/1946/12835>.

<sup>34</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í: Hólmfríður Þóroddsdóttir, „*Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð*“: undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, bls. 77–80.

á vefsíðum á borð við Wikipedia,<sup>35</sup> lesa um krabbamein á heimasíðum Landspítalans eða Krabbameinsfélagsins, eða kynna sér úrslit kosninga á ýmsum fréttamiðlum, svo örfá dæmi séu nefnd. Þeir segja einnig gott að skoða myndrænt efni sem tengist umræðuefninu. Má þar á meðal nefna myndir af stöðum og fyrirbærum, kort yfir þau landsvæði sem rætt verður um, skipurit fyrirtækja og myndir sem tengjast ákveðnu námsefni, til dæmis efna- eða lífeðlisfræði. Sumir þátttakenda segjast einnig kynna sér frekar þá einstaklinga sem nefndir eru í undirbúningsefninu og aðrir vilja átta sig á þeim tímaramma sem um ræðir, ef við á. Samræður við aðra táknmálstúlka sem áður hafa túlkað svipað efni eða við svipaðar aðstæður geta einnig aukið skilning á umræðuefninu og hjálpað túlkum að átta sig á við hverju má búast. Öll almenn þekking getur komið sér vel við hinar ýmsu aðstæður og því segja þátttakendur mikilvægt að vera vakandi fyrir almennt umræðu í þjóðfélaginu.

Undirbúningi á umræðuefni má skipta í tvo flokka, annars vegar hver aðalatriðin eru og hins vegar orða- og táknaforða.

### 2.1. Aðalatriði

Í samtímistúlkun er hætta á að túlkar dragist aftur úr þeim sem talar. Ýmislegt getur leitt til þess, eins og til dæmis ef efnið sem túlka á er flókið, ef hratt er talað eða ef mikið er af löngum upptalningum. Við þær aðstæður getur verið að túlkarnir þurfi, til að reyna að halda í við þann sem talar, að setta sig við að sleppa því að túlka eitthvað af þeim upplýsingum sem fram koma. Þá er mikilvægt að túlkarnir geti tekið faglegar ákvarðanir um hverju má sleppa öðru fremur. Til að geta gert það þurfa þeir að átta sig á hver aðalatriðin eru. Þá geta þeir verið meðvitaðir um hverju má allra síst sleppa í túlkuninni, fari svo að þeir nái ekki að halda í við þann sem talar. Þessi undirbúningur minnkar álagið á framsetningu túlkunarinnar, en einnig á samhæfingarþætti áreynslulíkansins, þar sem túlkarnir vita fyrir fram hverju þeir þurfa að vera vakandi fyrir hverju sinni, af því sem þeir heyra/sjá á frummálinu. Markmiðið er þó alltaf að túlka allt sem sagt er.

Í undirbúningi sínum segjast túlkarnir reyna að hafa í huga heildarmyndina af því sem túlka á og átta sig meðal annars á því hvort eitthvað sem í upphafi undirbúnings virkar sem aukaatriði hafi í raun mikil áhrif á frásögnina í heild sinni, eða öfugt. Til að átta sig á hvað skiptir máli öðru fremur segjast þátttakendur ekki bara lesa það efni sem þeir fá í hendurnar, heldur ræða þeir við aðra túlka sem hafa túlkað svipuð verkefni og lesa sér meira til um viðkomandi

<sup>35</sup> Nefnt skal að Wikipedia er ekki ritskoðað.

umræðuefni. Mismunandi fyrirlesarar geta lagt áherslur á mismunandi atriði innan hvers umræðuefnis og því getur spurningin um hvaða atriði eru öðrum mikilvægari einnig verið háð því hver það er sem talar. Vegna þess segja þátttakendur að gott væri að reyna að finna á netinu efni sem viðkomandi fyrirlesari hefur sjálfur skrifað. Til að átta sig enn frekar á þessum persónulegu áherslum getur einnig verið gott að spyrja fyrirlesarann, áður en fyrirlesturinn hefst, hverju hann vill helst koma á framfæri, hvaða til dæmis þrjú til fimm atriði hann vilji að áhorfendur taki með sér úr fyrirlestrinum. Þetta segja túlkarnir alltaf gott að gera, jafnvel þó hefðbundinn undirbúningur hafi átt sér stað, en nauðsynlegt ef lítill undirbúningur hefur farið fram. Þátttakendur benda á að aðalatriði þurfi ekki alltaf að vera áþreifanlegir hlutir eða fólk, heldur geti þau náð yfir ýmislegt annað, eins og skapgerð fólks, talsmáta, tilfinningar, hugtök, lönd eða staði, svo eitthvað sé nefnt.

Hver aðal- eða aukaatriði eru hefur einnig áhrif á uppbyggingu táknrýmisins, eins og áður hefur komið fram, vegna þess að til að hægt sé að setja upp gott svið í táknrýminu er nauðsynlegt að vita hvað skiptir máli öðru fremur.<sup>36</sup>

## 2.2. Orða- og táknaforði

Með því að átta sig fyrirfram á hvaða orða- og táknaforði mun verða notaður í verkefninu, geta túlkarnir verið búnir að virkja úr langtímaminninu þau orð og tákni úr orðræðunni sem þeir þekkja nú þegar og kynnt sér þau sem upp á vantar. Það léttir ekki bara álaginu á þriðja þætti áreynslulíkansins, minnisins, heldur eykur það einnig skilning túlkanna á því sem sagt er á frummálinu í túlkunaraðstæðunum og auðveldar þeim framsetninguna á markmálinu. Undirbúningur á orða- og táknaforða minnkar því hugræna álagið á þremur fyrstu þáttum áreynslulíkans túlkunar.

Þátttakendur voru sammála um að almennt þyrftu túlkar með minni starfsreynslu að eyða meiri tíma í að undirbúa orða- og táknaforða heldur en þeir sem meiri starfsreynslu hafa. Fram kom að undirbúa þarf orða- og táknaforða fyrir flestar tegundir túlkaverkefna, til dæmis fyrirlestra- og skólatúlkun, túlkun í heilbrigðisgeiranum og kirkjutúlkun. Í þessum aðstæðum og fleirum reynir á skilning túlkanna á sérhæfðum hugtökum á báðum málum. Því er mikilvægt fyrir túlkana að vera búnir að átta sig á orðræðunni áður en túlkaverkefnið hefst. Auk þess að lesa þau gögn sem þeir fá sem beinan undirbúning, segja þeir gott að skoða heimasíður félaga og stofnana sem tengjast komandi túlkaverkefni

<sup>36</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í Hólmfríður Þóroddsdóttir, „*Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð*“: undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, bls. 64–66.

á einhvern hátt. Einnig mæla þeir með að kynna sér fyrri fyrirlestra eða skrif þeirra einstaklinga sem flytja fyrirlestur sem á að túlka.

Ef hugtök sem túlkarnir skilja ekki eða þekkja ekki nógu vel koma upp í undirbúningnum, þarf að finna merkingu þeirra. Þetta á ekki bara við um flókin fræðileg hugtök, heldur einnig til dæmis um sjaldgæf eða gildishlaðin orð í daglegu tali. Ef túlkar þurfa að velta fyrir sér merkingu orða um leið og þeir túlka geta þeir átt á hættu að dragast aftur úr. Til að reyna að koma í veg fyrir það segja þátttakendur gott að vera búnir að þýða merkingu þessara orða eða finna samheiti yfir þau. Það er til dæmis hægt að gera með því að fara inn á síður um íslenskt mál<sup>37</sup> þar sem meðal annars má finna samheiti fyrir orðið „hófstílltur“, inn á Vísindavefinn, þar sem hægt er að kynna sér orðið „rafleiðni“, eða á heimasíður stofnana eða félaga sem tengjast umræðuefninu, svo örfá dæmi séu nefnd. Um leið og túlkarnir öðlast skilning á hverju hugtaki öðlast þeir einnig meiri skilning á umræðuefninu í heild sinni.

Táknmálsorðabókin SignWiki<sup>38</sup> er sá staður sem íslenskir táknmálstúlkar leita í til að finna tákn, læra ný eða staðfesta þekkingu sína. Ef táknin er ekki að finna þar þarf að reyna aðrar leiðir, eins og að ræða við aðra túlka og döff um viðkomandi hugtök og tákn. Einn hluti af táknaförða túlka eru tákn fyrir ákveðin mannanöfn (nafnatákn) og ákveðna staði. Til að læra þau nafnatákn sem upp á vantar segjast þátttakendur gjarnan ræða við döff og aðra túlka. Þó nokkur tákn yfir lönd og staði er að finna á SignWiki, en einnig er mögulegt að ræða við döff og aðra túlka og jafnvel finna tákn yfir erlenda staði á táknmálsorðabókum fyrir erlend táknmál, til dæmis Spread the Sign<sup>39</sup>, Deaf Education og Global Perspectives.<sup>40</sup> Ef ekkert tákn finnst þarf að stafa þau nöfn sem upp koma í túlkunaraðstæðunum. Það getur verið tímafrekt og því segja þátttakendur að gott sé að vera búinn að ákveða fyrirfram hvaða staða- eða mannanöfn þurfi að stafa að fullu í viðkomandi aðstæðum, eða hvaða nöfn mætti mögulega bara sýna með fyrsta staf, en gera allt nafnið með munnhreyfingu. Skiptir þá meðal annars máli hvort um aðalatriði er að ræða eða ekki. Einnig segja túlkarnir að gott sé að vera búinn að átta sig sérstaklega á þeim erlendu nöfnum sem upp gætu komið, þar sem erfitt getur verið að átta sig á þeim í túlkunaraðstæðunum.

Þátttakendur tóku einnig fram að mikilvægt væri að vera meðvitaður um mikilvægi almenns táknaförða á ÍTM og almenns orðaforða á íslensku. Þar segja þeir um stöðugan undirbúning að ræða. Með betri íslenskum orðaforða auðvelda

<sup>37</sup> Til dæmis snara.is, malid.is eða idordabanki.arnastofnun.is

<sup>38</sup> <https://is.signwiki.org>

<sup>39</sup> <https://www.spreadthesign.com/en.us/search/>

<sup>40</sup> <http://deafeducationworldwide.weebly.com/online-sign-language-dictionaries.html>



túlkur sér skilning á því sem sagt er á íslensku, auk þess sem þeir gera raddtúlkun af ÍTM sér auðveldari. Því er mikilvægt að túlkur lesi fjölbreytta texta, fylgist með þeirri orðræðu sem er í gangi í þjóðfélaginu og leiki sér með tungumál, eins og til dæmis með því að leysa krossgátur. Á sama hátt er mikilvægt að spjalla við aðra á ÍTM til að bæta og virkja táknafórðann, fylgjast með túlkudum fréttum og ræða við aðra túlka um tákn og notkun þeirra.<sup>41</sup>

### 3. Sérstök málsnið

Í táknmálum eru sérstök málsnið notuð við ýmsar aðstæður, líkt og í raddmálum. Á það meðal annars við í sambandi við kirkjulegar athafnir, eða ljóða- og tónlistarflutning. Þátttakendur segja að við þessar aðstæður sé undirbúningur þeirra því sem næst þýðingarvinna, þar sem þeir vilja vera búnir að ákveða fyrir fram nákvæmlega hvernig þeir ætla að setja túlkun sína fram. Það auðveldar bæði skilning á oft torskyldum eða flóknum textum í túlkunaraðstæðunum og framsetningu túlkunarinnar. Hér á eftir verður rætt um undirbúning fyrir þau málsnið sem þátttakendur nefndu, það er tónlist og ljóð, kirkjutúlkun og málhætti.

#### 3.1. Tónlist og ljóð

Túlkun á ljóðum og tónlist segja túlkarnir að krefjist mikils undirbúnings og því er mikilvægt að fá að vita með góðum fyrirvara hvaða efni er um að ræða. Í túlkuninni á framsetningin og tjáningin að vera í forgrunni, eins og hjá listamanninum sjálfum.

Fyrir tónlistartúlkun segja þátttakendur að gott sé að byrja undirbúninginn á því að finna viðkomandi tónlist til dæmis á netinu og hlusta á hana til að átta sig á stílnum og hraðanum. Einnig þarf að finna textann sem um ræðir og þýða, ekki bara orðin sem þar eru heldur frekar merkingu textans. Þátttakendur mæla með að prenta texta ljóða og tónlistar út, þar sem gott sé að glósa táknaröð þýðingarinnar við hliðina á upphaflega textanum. Hægt er að hafa blaðið sem glósað var á fyrir framan sig á statífi í túlkunaraðstæðunum. Í þessu þýðingarferli þarf að hafa í huga hvernig hægt sé að nota myndrænt form ÍTM í framsetningunni.<sup>42</sup> Í undirbúningsferlinu segja túlkarnir mikilvægt að hlusta oft á tónlistina og æfa sig út í loftið. Um leið er reynt að ná að sýna þann stíl sem tónlistin

<sup>41</sup> Frekari umræðu má sjá í Hólmfríður Þóroddsdóttir, „*Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoptað um borð*“: undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, bls. 63–64.

<sup>42</sup> Við flutning ljóða/tónlistar er táknrými gjarnan stækkað, tákn færð til í táknrýminu, endurtekningar á til dæmis ákveðnu handformi eða hreyfingu eru nýttar sem rím og táknari velur gjarnan að nota báðar hendur í einu til að búa til samhverfu. Rachel Sutton-Spence og Bencie Woll, *The Linguistics of British Sign Language*, bls. 255–262.

er í og svipuðum hughrifum og tónlistin gerir. Þátttakendur segja mikilvægt að gefa sér góðan tíma í undirbúninginn, hlusta á lagið yfir nokkra daga og leyfa þýðingunni og framsetningunni að malla í huga sér á milli. Undirbúningsvinna fyrir ljóðaflutning sögðu þátttakendur vera á margan hátt svipaðan. Þeir vilja þýða merkingu ljóðsins og frekar en að þýða frá orði til orðs reyna þeir að ná fram þeirri mynd eða þeim hughrifum sem þeir telja að ljóðinu sé ætlað að gera, eða eins og einn þeirra sagði: „leyfa andanum að blómstra“.

Með undirbúningi sem þessum geta túlkarnir einbeitt sér að framsetningunni þegar á hólminn er komið, þó engu að síður þurfi líka að taka tillit til flutnings ljóðsins eða tónlistarinnar í hvert sinn.<sup>43</sup>

### 3.2. *Kirkjutúlkun*

Trúarlegir textar eru oft á tíðum torskildir, en með undirbúningi er hægt að átta sig á flókinni eða dulinni merkingu þeirra. Þannig er hægt að létta verulega á fyrsta þætti áreynslulíkansins, hlustun/áhorfi og greiningu þegar í túlkunaraðstæðurnar er komið.

Hluti trúarlegra texta er að öllu jöfnu staðlaður, þar sem ákveðnir textar og bænir eru þær sömu í flestum athöfnum. Á þetta til dæmis við um *Faðir vor* og *Trúarjátninguna*. Þýðingar á stórum hluta þessara texta er að finna á SignWiki, undir flokknum „Kennslufni/Kirkjulegar athafnir“ og segja þátttakendur best að læra þær utan að. Aðrir textar, ritningarlestrar og svo framvegis eru breytilegir og segjast túlkarnir undirbúa túlkun á þeim með því að átta sig á eiginlegri merkingu textanna og þýða fyrir fram það sem þarf. Hægt er að glósa þýðingar á blað, eða jafnvel læra þær utan að. Þátttakendur segja að í tengslum við þessa texta gæti verið gott að taka upp eigin lestur á viðkomandi textum og æfa túlkun þeirra um leið og hlustað er á upptökuna.<sup>44</sup> Prédikanir og minningarorð ættu túlkar að reyna að fá frá viðkomandi presti og undirbúa eins og aðra texta, líkt og rætt hefur verið hér á undan.

### 3.3. *Málshættir*

Oft og tíðum er merking málshátta dulin í orðaflaumi og myndlíkingum sem erfitt getur verið að færa milli tungumála.<sup>45</sup> Ef túlkar þurfa bæði að ná að skilja

<sup>43</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í Hólmfríður Þóroddsdóttir, „*Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð*“: undirbúningur táknaástanda og áhrif hans á gæði túlkunar, bls. 81–82.

<sup>44</sup> Frekari umræðu má sjá sama riti, bls. 80–81.

<sup>45</sup> Tareq Assaqaf, „Techniques for Interpreting English Proverbs into Arabic“, *International Journal of Language and Literary Studies* 1(1)/2019, bls. 72–80, <https://doi.org/10.36892/ijll.v1i1.27>.

málshætti og ákveða þýðingu þeirra um leið og þeir túlka í samtímistúlkun er mikil hætta á að þeir dragist aftur úr í túlkun sinni. Með undirbúningi er hins vegar hægt að þýða málshættina fyrir fram og þannig létta álaginu á fyrstu tveimur þáttum áreynslulíkansins, það er hlustun/áhorfi og greiningu og framsetningu.

Fyrsta skrefið segja þátttakendur vera að átta sig á merkingu málsháttarins, jafnvel með hjálp bóka eða vefsíða.<sup>46</sup> Merkinguna þarf að þýða yfir á ÍTM, ákveða framsetninguna á túlkuninni og æfa hana. Túlkarnir segjast gjarnan leitast við að nota svipaða myndlíkingu á ÍTM í túlkun sinni og notuð er í upp-haflega málshættinum. Þó telja þeir mikilvægara að koma sjálfri merkingunni til skila. Sem dæmi má nefna málsháttinn „það munar ekki um einn kepp í slátur-tíðinni“. Við túlkun á honum segja þátttakendur að meira máli skipti að koma merkingunni að (það er ef nóg er til er í lagi að tapa einhverju), frekar en að tala þurfi beinlínis um magn sláturkeppa. Þátttakendur sögðust oft ræða við aðra túlka um þýðingar á málsháttum.<sup>47</sup>

Túlkur sögðust stundum reyna að koma því að í túlkun sinni að um íslenskan málshátt væri að ræða, til dæmis með því að sýna það með gæsalöppum. Þeir sögðu að einnig þyrfti að undirbúa þessa framsetningu og æfa hana, en tóku jafn-framt fram að ekki gæfist alltaf tími til að koma þessu að í túlkunaraðstæðunum. Þátttakendur sögðu það mismunandi eftir aðstæðum, eða fyrir hvern væri túlk-að, hversu mikilvægt væri að bæta þessu atriði við túlkunina. Á það er gjarnan lögð áhersla ef verið er að túlka fyrir döff sem hefur gaman af málsháttum, eða ef sá sem talar er að kenna eitthvað þeim tengt, en síður ef til dæmis um er að ræða túlkun í kennslutíma þar sem kennarinn skellir inn einum málshætti.

#### 4. Raddtúlkun

Flest það sem rætt hefur verið hér fyrir ofan á einnig við þegar túlkun af ÍTM yfir á raddmál er undirbúin og verður ekki tíundað hér. Nokkur atriði, sem geta auðveldað bæði skilning og framsetningu túlkunarinnar, ber þó að hafa sérstak-lega í huga þegar raddtúlkun er undirbúin.

Þegar raddtúlka á ræður eða fyrirlestra segjast þátttakendur kynna sér glærur og lesefni eins og fyrir aðra túlkun. Hins vegar segja þeir einnig mjög gott að hitta döff meðan á undirbúningi stendur og fara með viðkomandi í gegnum

<sup>46</sup> Sjá til dæmis bók Sölvu Sveinssonar, Íslenskir málshættir með skýringum og dæmum, Reykjavík: Iðunn, 2009, eða vefsíður á borð við: <https://tilvitnun.is/malshaettir>.

<sup>47</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í Hólmfríður Þóroddsdóttir, „Ef maður veit hvert hann er að fara getur maður hoppað um borð“: undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar, bls. 82–84.

það sem hann/hún ætlar sér að segja og jafnvel æfa raddtúlkunina um leið. Með þessari æfingu segjast túlkarnir meðal annars ná að kynna sér hvernig döff hyggst nota táknrýmið og staðsetningar innan þess og hvaða táknaforði mun verða notaður. Um leið átta þeir sig á hvaða orðaforða þeir munu þurfa að nota í raddtúlkun sinni og komast að hvað það er sem þeir þurfa að kynna sér betur um umræðuefnið, áður en túlkunin fer fram. Þessi æfing auðveldar því bæði skilning og framsetningu túlkunarinnar þegar í túlkunaraðstæðurnar er komið. Þátttakendur tóku einnig fram að gott væri að ræða við döff og þá sem að skipulagningu viðburðar koma um hvernig hægt sé að tryggja að túlkurinn sjái döff vel og að allir heyri vel í túlkunum, jafnvel með notkun hljóðnema. Samvinna við döff skiptir því miklu máli þegar kemur að raddtúlkun.<sup>48</sup>

Í mörgum túlkaverkefnum geta komið upp aðstæður þar sem túlkar þurfa allt í einu að túlka það sem kalla mætti óformlegt spjall milli döff og heyrandi. Til að undirbúa þessa raddtúlkun sögðu þátttakendur að gott væri að vera almennt vakandi fyrir því að fylgjast með þjóðfélagsumræðunni og fréttum, svo þeir geti áttað sig auðveldar á um hvað verið er að ræða í hvert sinn.

### 5. Aðstæður

Eitt helsta markmiðið með undirbúningi fyrir túlkaverkefni er að reyna að koma í veg fyrir að eitthvað komi túlkunum á óvart, en aðstæður geta verið mjög misjafnar þar sem táknmálstúlkar fylgja döff inn í flestar aðstæður mannlægs lífs. Því skiptir miklu máli að vita ekki bara hvaða efni á að túlka, eins og rætt hefur verið hér fyrir framan, heldur einnig hvað mun gerast í verkefninu. Þátttakendur segja grunnupplýsingar ekki alltaf duga til. Sem dæmi nefna þeir að túlkun hjá tannlækni geti verið hefðbundin skoðun, en einnig endajaxlataka. Þessar tvær athafnir geta framkallað mjög ólíka upplifun allra sem að koma. Túlkar ættu því að reyna að afla sér eins mikilla upplýsinga og hægt er um mögulegar aðstæður, bæði raunverulegar og tilfinningalegar. Það minnkar álagið á öllum þáttum áreynslulíkansins og ekki síst síðasta þætti þess, samhæfingunni, sem er sá áreynsluþáttur sem túlkarnir virkja til að bregðast við óvæntum aðstæðum.

Áður en túlkar mæta í túlkaverkefni er nauðsynlegt fyrir þá að vita hvar túlkunin mun fara fram, hvað muni gerast, fyrir hvern/hverja á að túlka og hversu margir munu verða á staðnum. Þátttakendur nefndu til dæmis nauðsyn þess að vita hvort túlka eigi tveggja manna tal eða stóran fund uppi á sviði, og hvort sérfræðingar verði á staðnum eða ekki. Hluti af undirbúningum segja túlkarnir einnig vera að átta sig á hvar þeir eigi að vera, til að tryggja að þeir nái

<sup>48</sup> Frekari umræðu má sjá í sama riti, bls. 85–86.

að sjá og heyra allt sem þeim er ætlað að túlka og að þeir sjáist auk þess og heyrast sjálfir. Allar þessar upplýsingar, sem ættu flestar að koma frá túlkanotendunum sjálfum, ættu að minnka líkurnar á að eitthvað komi túlkunum mikið á óvart á meðan þeir túlka. Þumalputtaregluna segja túlkarnir vera: Því meira sem þú veist um hvað bíður þín, því betra.

Til að kynna sér frekar starfsemi og staðhætti stofnana og fyrirtækja segjast þátttakendur meðal annars leita að upplýsingum um ákveðna staði á heimasíðum á netinu og skoða jafnvel myndir af þeim. Það getur einnig verið hjálplegt að mæta snemma til að skoða aðstæður og spjalla við döff um hvað muni gerast. Þá er mögulegt að fá forsögu verkefnisins, ef um hana er að ræða og reyna að átta sig á hvort líkur séu á að verkefnið verði tilfinningalega erfitt fyrir einhvern þátttakanda. Einnig segjast túlkarnir rifja upp það sem þeir vita nú þegar um þær aðstæður sem gætu beðið þeirra og er reynslubanki annarra túlka hluti af þessum undirbúningi.<sup>49</sup>

#### 6. Engan undirbúning er að fá

Við sumar aðstæður er lítinn eða engan undirbúning hægt að fá. Túlkarnir segjast þó reyna að átta sig á hvað bíður þeirra, kynna sér aðstæður, mögulegt umræðuefni og svo framvegis. Eins og fyrr segir, því meira sem túlkarnir vita, því betra.

Þátttakendur segja að stundum séu einu upplýsingarnar sem þeir fá í hendur um komandi verkefni nafn á þeirri stofnun þar sem túlkunin mun fara fram og nafn þess sem túlka á fyrir. Ef túlkarnir taka að sér verkefni með litlum sem engum fyrirvara getur verið að þeir geti lítið gert annað en rifja upp það sem þeir vita nú þegar um viðkomandi stofnun, eða þann sem túlka á fyrir. Þessi upprifjun getur jafnvel þurft að eiga sér stað þegar túlkarnir eru á leið í túlkaverkefnið, það sem einn þátttakandi kallaði „undirbúning í bílnum“. Ef meiri tími er í boði getur hins vegar nafn stofnunar hjálpað túlkunum við að leita sér upplýsinga, til dæmis með því að skoða heimasíðu hennar, og þannig gert þeim kleift að átta sig á hvað muni mögulega verða rætt um í verkefninu. Nafn á lækni gerir túlkunum mögulegt að leita upplýsinga um lækinn sjálfan og sjá þar á meðal sérfræðigrein hans, sem getur hjálpað þeim við að finna efni á netinu sem getur gefið hugmynd um mögulega orðræðu í verkefninu. Upplýsingar um hvaða deild spítalans er að ræða gefur einnig sömu vísbendingar. Þátttakendur segjast einnig reyna að ræða við reyndari túlka, sem búa bæði yfir þekkingu á lífshlaupi flestra í döff samfélaginu og hinum ýmsu aðstæðum og stofnunum þar sem túlkun fer fram. Þeir

<sup>49</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í sama riti, bls. 84–85.

hvetja þá sem minni starfsreynslu hafa til að vera duglega við að leita í þennan reynslubanka. Íslenskir táknmálmálstúlkar leggja mikið upp úr því að tryggja gæði táknmálmálstúlkunar, þar á meðal með því að veita hver öðrum upplýsingar sem geta auðveldað þeim starf sitt. Allir túlkarnir eru bundnir fullum trúnaði um það sem gerist eða fjallað er um í vinnu þeirra og þegar þeir ræða sín á milli um verkefni sín og aðstæður í þeim, þá færast sá trúnaður áfram yfir á þann túlk sem tekur á móti upplýsingunum.

Þátttakendur tóku fram að það væri mjög gott ef þeir gætu mætt snemma í túlkaverkefni og þannig fengið tíma til að átta sig á aðstæðum. Þá gæti mögulega gefist tækifæri til setjast niður með döff og spjalla, grennslast fyrir um hvað döff sé að gera á viðkomandi stað, hvern hann sé að fara að hitta og hvað hann búist við að muni gerast. Í biðstofu hjá lækni segja túlkarnir til dæmis mögulegt að leiða spjallið að því hvers vegna döff sé að hitta viðkomandi lækni, hvort döff hafi hitt hann áður, hvort um áframhald á fyrri rannsóknum sé að ræða, hvort um sé að ræða bara skoðun eða ákveðið inn grip og svo framvegis. Um leið geta túlkarnir byrjað að velta fyrir sér og rifja upp þann orða- og táknaforða sem sennilega verður notaður og reynt að átta sig á hvernig aðstæður geti hugsanlega beðið þeirra. Einnig bentu þátttakendur á að með því að taka þátt í daglegu lífi í þjóðfélaginu væru túlkar í raun alltaf að undirbúa sig, þar sem öll almenn þekking á þjóðfélaginu og stofnunum þess getur komið sér vel.<sup>50</sup>

### *Lokaorð*

Umrædd rannsókn var gerð með það í huga að reyna að taka saman upplýsingar um ákveðinn hluta starfs táknmálmálstúlka, það er undirbúning fyrir túlkaverkefni. Niðurstöður vörpuðu ljósi á að táknmálmálstúlkar leita ýmissa leiða til að kynna sér sem best þær aðstæður sem þeir munu stíga inn í, allt frá orðræðu til raunverulegra aðstæðna. Með undirbúningnum leitast þeir eftir að auka skilning sinn á því sem rætt verður um og auðvelda sér framsetningu túlkunarinnar. Undirbúningurinn varnar því að túlkarnir dragist aftur úr í túlkun sinni eða að eitthvað komi þeim á óvart. Þetta léttir á hugrænu álagi túlkanna þegar í túlkunaradstæðurnar er komið, sem leiðir til betri túlkunar. Samvinna túlkanna er mikilvægur hluti þessarar undirbúningsvinnu. Það mátti sjá á því að samskipti innan hópsins og stuðningur þeirra hver við annan var þátttakendum ofarlega í huga þegar undirbúningur var ræddur. Þannig vinna túlkarnir saman að því að tryggja gæði táknmálmálstúlkunar fyrir túlkanotendur.

Að sjálfsögðu er persónubundið hvernig túlkar vilja sinna undirbúningi sín-

<sup>50</sup> Dæmi og frekari umræðu má sjá í sama riti, til dæmis bls. 62–63 og 84–85.

um og mikilvægast er að hver og einn túlkur finni það vinnulag sem honum hentar. Vonandi getur þó það sem sett hefur verið fram í þessari grein auðveldað starfandi og verðandi táknmálstúlkum, og einnig túlkum almennt, að finna þær undirbúningsaðferðir sem henta þeim best.

## Ú T D R Á T T U R

Greinin sem hér birtist fjallar um táknmálstúlkun og áhrif undirbúnings á gæði táknmálstúlkunar. Sérstaklega er fjallað um hvernig táknmálstúlkur undirbúa sig fyrir verkefni sín og hvað þeir telja sig þurfa að undirbúa öðru fremur. Þátttakendur í rannsókninni voru starfandi táknmálstúlkur á Íslandi. Rannsóknin var unnin með blönduðum rannsóknaraðferðum, þar sem nýtt voru viðtöl, þátttökuathuganir og spurningakönnun, auk þess sem hluti þátttakenda tók þátt í sérhönnuðu túlkunarprófi. Prófið var framkvæmt til að ná fram tölfræðilegum upplýsingum um áhrif undirbúnings á táknmálstúlkun og fá túlkana sjálfa til að lýsa undirbúningi sínum og greina þætti sem mikilvægt er að undirbúa fyrir túlkun.

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á að undirbúningur bæði eykur skilning túlkanna á umræðuefninu sem túlka á og auðveldar þeim framsetningu túlkunarinnar. Fjallað er almennt um undirbúning táknmálstúlka, en einnig er farið nánar í gegnum nokkur atriði sem þátttakendur segja að þurfi að hafa í huga við undirbúninginn, það er málfræðileg atriði, umræðuefni, sérstök málsnið, raddtúlkun og aðstæður. Undirbúningur gefur túlkunum tækifæri til að auka skilning sinn á því sem rætt verður um og takast á við vandamál sem upp geta komið í framsetningu túlkunarinnar. Hann varnar því einnig að þeir dragist aftur úr í túlkun sinni eða að eitthvað komi þeim á óvart. Þetta léttir á hugrænu álagi túlkanna þegar í túlkunaraðstæðurnar er komið, sem leiðir til betri túlkunar.

*Lykilorð:* táknmálstúlkun, undirbúningur táknmálstúlka, hugrænt álag, áreynslulíkan túlkunar, táknmál

ABSTRACT

**How do Sign Language Interpreters Prepare  
before their Interpreting Assignments?**

This article discusses sign language interpreting and the effect of preparation on the quality of sign language interpretation. In particular, it discusses what sign language interpreters think they need to focus on in their preparation, and how they prepare before their assignments. Participants were all sign language interpreters working in Iceland. The data collected were both qualitative and quantitative, i.e. interviews, participant observations, a questionnaire and a specially designed interpretation test. The test was held to obtain statistical information on the effects of preparation on sign language interpretation and to get feedback from the interpreters themselves about what they consider important to prepare.

The results of the study highlight that preparation both increases the interpreters' understanding of the topic to be interpreted and makes it easier for them to present their interpretation. The preparation of sign language interpreters is discussed in general, but some points that the participants say need to be kept in mind during the preparation are also discussed in more detail, i.e. grammatical issues, topics of discussion, special language registers, voice interpretation and conditions. Preparation gives the interpreters the opportunity to increase their understanding of what will be discussed and to tackle problems that may arise in the presentation of the interpretation. It also prevents them from falling behind in their interpretation or from being surprised by something in their assignments. This reduces the cognitive load of the interpreters in the interpreting situation, which leads to better interpreting.

*Keywords:* sign language interpreting, preparation of sign language interpreters, cognitive load, the Effort Model of Interpreting, sign language

HÓLMFRÍÐUR ÞÓRODDSDÓTTIR

Táknmálstúlkur á SHH

holmfridur.thoroddsdottir@shh.is